

1994. – 1064 ár frá stofnun Alþingis.
118. löggjafarþing. – 41. mál.

41. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á launakerfi ríkisins.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Guðrún J. Halldórsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins. Hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfi ríkisins, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka. Sérstaklega ber nefndinni að benda á leiðir til að hækka lægstu laun og draga úr launamun kynjanna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samtaka opinberra starfsmanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 117. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Samskipti ríkis við starfsmenn sína hafa vægast sagt verið með sérkennilegum hætti undanfarin ár. Grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum meðan hvers kyns yfirborganir og sérgreiðslur hafa aukist til ákveðinna hópa. Samskipti ríkisins og háskólamenntaðra starfsmanna þess hafa verið afar slæm enda bráðabirgðalögum beitt til þess að taka til baka umsamdar launahækkanir. Eins og kunnugt er reyndist sú lagasetning lögleysa og hefur þegar kostað ríkissjóð um 400 millj. kr. Þegar Kjaradómur kvað upp úrskurð sumarið 1992, þar sem reynt var að taka á margföldu og óréttlátu launakerfi ríkisins, brást ríkisstjórnin enn við með bráðabirgðalögum í kjölfar mótmæla úti í þjóðfélaginu.

Á undanföllum árum hefur fjöldi mála verið rekinn fyrir dómstólum vegna samskipta ríkisstarfsmanna við vinnuveitanda sinn sem gefur til kynna að mikið er að launakerfi ríkisins og samskiptum við ríkisstarfsmenn. Þá má nefna það fjaðrafok sem varð sl. haust vegna launamála bankastjóra ríkisbankanna sem ekki eru í neinu samhengi við það sem tíðkast í öðrum ríkisstofnunum. Í því sambandi má minna á þá yfirlýsingu iðnaðarráðherra að launakerfi ríkisins sé handónýtt. Undir þá lýsingu tókum við kvennalistakonur, enda höfum við margoft bent á þá staðreynd. Enn má bæta við þessa lýsingu á launakerfinu því launamisrétti milli karla og kvenna sem tíðkast hjá ríkinu og á meðal annars rætur að rekja til úrelts starfsmats og forréttinda sem karlar njóta.

Það er löngu tímabært að hefja endurskoðun á launakerfi ríkisins með þau markmið í huga að draga úr launamisrétti, hækka lægstu laun, einfalda kerfið og gera það gagnsærra þannig að ljóst sé hver launakjörin eru í raun og veru.

Margt þarf að endurbæta í ríkiskerfinu, svo sem í mennta- og heilbrigðisgeiranum, þannig að rekstur ríkisins verði sem hagkvæmastur og þjóni landsmönnum sem best. Árangur næst ekki nema ríkisstarfsmenn séu sáttir við sinn hlut og séu hafðir með í ráðum. Það gengur ekki lengur að ríkisvaldið standi í eilífum styrjöldum við starfsmenn sína og beiti lögum og dómstólum gegn þeim ef það kallar ekki sjálft yfir sig málaferli. Besta

leiðin til að bæta samskiptin er að ganga í það nauðsynjaverk að stokka upp launakerfi ríkisins í góðri sátt við ríkisstarfsmenn. Kjarasamningar eru nú á næsta leiti. Áður en til þeirra verður gengið ber að marka stefnu sem felur í sér réttlátara og raunhæfara launakerfi.

Fylgiskjal I.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um launagreiðslur ríkisins. (431. mál 116. löggjafarþings.)

1. *Hversu margir einstaklingar fengu greidd laun frá ríkinu árið 1992 að upphæð 3 millj. kr. eða meira (átt er við samanlögð grunnlaun, fasta yfirvinnu, aðra yfirvinnu, þóknunareiningar, aðrar þóknanir, bílastyrki, nefndarlaun og önnur laun)?*
744 einstaklingar fengu greidd laun að upphæð 3 millj. kr. eða meira á árinu 1992, svo sem nánar er sundurgreint í fskj. I. Þeir eru allir í fullu (100%) starfi.
2. *Hversu margir karlar eru í þessum hópi og hve margar konur?*
Karlarnir eru 685 eða 92,1% og konurnar 59 eða 7,9%.
3. *Hver eru samanlögð grunnlaun þessa hóps, hver eru samanlögð heildarlaun (sjá 1. lið) og hvernig skiptast þessar upphæðir milli kynja?*
Svarið við þessum lið kemur fram í fskj. I.
4. *Hjá hvaða stofnunum vinna þessir einstaklingar?*
Svarið við þessum lið kemur fram í fskj. II og III. Í fskj. II eru stofnanirnar taldar upp í fjárlaganúmeraröð. Í fskj. III eru þær felldar undir ráðuneytin, þó þannig að stofnanir í A- og B-hluta fjárlaga eru sundurgreindar.

Fskj. I.

Fjármálaráðuneytið, starfsmannaskrifstofa:

	Fjöldi	Meðallal grunnlauna	Meðallal heildarlauna	Grunnlaun	Heildarlaun	Hlutfall grunnlauna	Hlutfall heildarlauna
Karlar	685	1.928.319	3.617.978	1.320.898.523	2.478.315.046	92,37%	92,51%
Konur	59	1.849.213	3.402.115	109.103.585	200.724.762	7,63%	7,49%
Samláts	744	3.777.532	7.020.093	1.430.002.108	2.679.039.808	100,00%	100,00%

Fskj. II.

Fjármálaráðuneytið,
starfsmannaskrifstofa:

Stofnun	Heiti
00-101	Embætti forseta Íslands
00-201	Alþingi
00-301	Ríkisstjórn
00-401	Hæstiréttur
00-520	Opinberar heimsóknir
00-610	Umboðsmaður Alþingis
00-620	Ríkisendurskoðun
01-101	Forsætisráðuneyti aðalskrifstofa
02-101	Menntamálaráðuneyti aðalskrifstofa
02-201	Háskóli Íslands
02-203	Raunvísindastofnun háskólans
02-206	Orðabók Háskólans
02-210	Háskólinn á Akureyri
02-223	Rannsóknastofnun uppeidismála
02-234	Vísindaráð
02-308	Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut
02-319	Framhaldsskólar almenn
02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri
02-360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
02-501	Tækniskóli Íslands
02-506	Vélskóli Íslands
02-514	Iðnskólinn í Reykjavík
02-516	Iðnskólinn í Hafnarfirði
02-562	Leiklistarskóli Íslands
02-700	Grunnskólar Reykjavíkur
02-907	Listasafn Íslands
03-101	Utánríkisráðuneyti aðalskrifstofa
03-102	Utánríkisráðuneyti varnarmálaskrifstofa
03-103	Utánríkisráðuneyti skrifstofu ráðherranefndar Norðurl
03-201	Lögreglustjórn á Keflavíkurflugvelli
04-101	Landbúnaðarráðuneyti aðalskrifstofa
04-247	Yfirdýralæknir
05-101	Sjávarútvegsráðuneyti aðalskrifstofa
05-201	Fiskifélag Íslands
05-202	Hafrannsóknastofnun
05-203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
05-204	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
05-216	Ríkismat sjávarafurða
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti aðalskrifstofa
06-201	Hæstiréttur
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur
06-212	Héraðsdómur Vesturlands
06-213	Héraðsdómur Vestfjarða
06-215	Héraðsdómur Norðurlands eystra
06-216	Héraðsdómur Austurlands

Stofnun	Heiti
06-217	Héraðsdómur Suðurlands
06-218	Héraðsdómur Reykjaness
06-301	Ríkissaksóknari
06-302	Rannsóknariögregla ríkisins
06-311	Lögreglustjórnin í Reykjavík
06-395	Landhelgisgæsla Íslands
06-412	Sýslumaðurinn Akranesi
06-413	Sýslumaðurinn Borgarnesi
06-414	Sýslumaðurinn Stykkishólmi
06-415	Sýslumaðurinn Búðardal
06-416	Sýslumaðurinn Patreksfirði
06-417	Sýslumaðurinn Bolungarvík
06-418	Sýslumaðurinn Ísafirði
06-419	Sýslumaðurinn Hólmavík
06-420	Sýslumaðurinn Blönduósi
06-421	Sýslumaðurinn Sauðárkróki
06-422	Sýslumaðurinn Siglufirði
06-423	Sýslumaðurinn Ólafsfirði
06-424	Sýslumaðurinn Akureyri
06-425	Sýslumaðurinn Húsavík
06-426	Sýslumaðurinn Seyðisfirði
06-428	Sýslumaðurinn Eskifirði
06-429	Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði
06-430	Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal
06-431	Sýslumaðurinn Hvalsvíll
06-432	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum
06-433	Sýslumaðurinn Selfossi
06-434	Sýslumaðurinn Keflavík
06-436	Sýslumaðurinn Hafnarfirði
06-437	Sýslumaðurinn Kópavogi
06-490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannaembætta
06-501	Fangelsismálastofnun ríkisins
06-701	Biskup Íslands
06-711	Prestaköll og prófastsdæmi
07-101	Félagsmálaráðuneyti aðalskrifstofa
07-302	Ríkissáttasemjari
07-750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
07-954	Vinnueftirlit ríkisins
08-001	Ríkisspítalar legudeildir barnadeild
08-002	Ríkisspítalar legudeildir bæklunarlækndeild
08-004	Ríkisspítalar legudeildir gæðdeild
08-005	Ríkisspítalar legudeildir handlækningadeild
08-006	Ríkisspítalar legudeildir Kristnes
08-008	Ríkisspítalar legudeildir kvænlækningadeild
08-009	Ríkisspítalar legudeildir lyflækningadeild
08-010	Ríkisspítalar legudeildir taugalækningadeild
08-011	Ríkisspítalar legudeildir öldrunarlækndeild

Stofnun

Heiti

08-012	Ríkisspítalar Vffilsstaðaspítali
08-021	Ríkisspítalar svæfinga- og gjörgæsludeild
08-031	Ríkisspítalar stofnanir öryrkja og þroskah
08-037	Ríkisspítalar röntgendæild
08-038	Ríkisspítalar krabbameinslækningadæild
08-041	Ríkisspítalar rannsóknarstofur Blóðbankinn
08-042	Ríkisspítalar Rannsóknarstofa Háskólans
08-043	Ríkisspítalar sýklifræðidæild
08-044	Ríkisspítalar veirufræðidæild
08-045	Ríkisspítalar ónæmisfræðidæild
08-047	Ríkisspítalar meinafræðidæild
08-048	Ríkisspítalar rannsóknarstofa
08-051	Ríkisspítalar stoðdæildir apótek
08-052	Ríkisspítalar stoðdæildir æðlisfr-/tæknidæild
08-053	Ríkisspítalar stoðdæildir ýmsar
08-054	Ríkisspítalar hjúkrunarforstj. Landsp.
08-055	Ríkisspítalar tölvudæild Rauðarárstíg 31
08-060	Ríkisspítalar tæknidæild
08-096	Ríkisspítalar sérverkæfni
08-097	Ríkisspítalar sameiginlegt skrifstofa Ríkissp
08-100	Ríkisspítalar sameiginlegt skrifstofa Ríkissp
08-101	Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti aðalskr
08-271	Tryggingastofnun ríkisins
08-301	Landiæknir
08-311	Héraðslæknir í Reykjavík
08-323	Tryggingaæftirlitið
08-325	Hollustuvernd ríkisins
08-327	Gæislavarnir ríkisins
08-395	Lytjaæftirlit ríkisins
08-510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík
09-101	Fjármálaráðuneyti aðalskrifstofa
09-103	Ríkisbókhald
09-104	Ríkisfjárhirsla
09-105	Ríkislögmaður
09-201	Ríkisskattstjóri
09-202	Skattstofan í Reykjavík
09-203	Skattstofa Vesturlands Akranesi
09-204	Skattstofa Vestfjarða Ísafirði
09-205	Skattstofa Norðurlands vestra Siglufirði
09-207	Skattstofa Austurlands Egilsstöðum
09-208	Skattstofa Suðurlands Höllu
09-209	Skattstofa Vestmannaeyja
09-211	Skattstofa Reykjaness Hafnarfirði
09-214	Yfirséðanefnd
09-261	Ríkisstollstjóraæmbættið
09-262	Tollstjórnin í Reykjavík
09-402	Fasteignamat ríkisins

Stofnun	Heiti
09-901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
10-101	Samgönguráðuneyti aðalskrifstofa
10-211	Vegagerð ríkisins
10-331	Vita- og hafnamálaskrifstofan
10-341	Siglingamálastofnun ríkisins
10-471	Flugmálastjórn
11-101	Iðnaðarráðuneyti aðalskrifstofa
11-102	Einkaleyfastofan
11-201	Iðntæknistofnun Íslands
11-203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
11-301	Orkustofnun
11-302	Rafmagnseftirlit ríkisins
12-101	Viðskiptaráðuneyti aðalskrifstofa
12-902	Verðlagsstofnun
13-101	Hagstofa Íslands aðalskrifstofa
13-102	Þjóðskráin
14-101	Umhverfisráðuneyti aðalskrifstofa
14-301	Skipulagsstjóri ríkisins
14-310	Landmælingar Íslands
22-872	Lánasjóður Íslenskra námsmanna
22-970	Ríkisútvarp
22-973	Þjóðleikhúsið
23-101	Fréttir Keflavíkurflugvelli
23-111	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli
27-271	Byggingasjóður ríkisins
29-101	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
29-102	Lyfjaverslun ríkisins
30-101	Póstur og sími
30-321	Skipaútgerð ríkisins
31-321	Iðnaðarráðuneyti B

Launagreiðslur árið 1992			Meðaltal	Meðaltal			Hlutfall	Hlutfall
Ráðuneyti		Fjöldi	grunn- launa	heildar- launa	Grunn- laun	Heildar- laun	grunn- launa	heildar- launa
Æðsta stjórn	Karlar	38	2.601.884	3.591.651	98.871.607	136.482.751	86,54%	88,31%
	Konur	5	3.075.845	3.613.839	15.379.226	18.069.193	13,46%	11,69%
	Samtals	43	2.656.996	3.594.231	114.250.833	154.551.944	100,00%	100,00%
Forsætisráðuneyti	Karlar	2	2.280.149	5.764.594	4.560.297	11.529.188	100,00%	100,00%
	Samtals	2	2.280.149	5.764.594	4.560.297	11.529.188	100,00%	100,00%
Menntamálaráðuneyti	Karlar	95	1.681.615	3.558.309	159.753.431	338.039.355	91,09%	90,78%
	Konur	10	1.561.834	3.434.732	15.618.336	34.347.323	8,91%	9,22%
	Samtals	105	1.670.207	3.546.540	175.371.767	372.386.678	100,00%	100,00%
Útanríkisráðuneyti	Karlar	8	2.171.844	3.884.318	17.374.752	31.074.541	100,00%	100,00%
	Samtals	8	2.171.844	3.884.318	17.374.752	31.074.541	100,00%	100,00%
Landbúnaðarráðuneyti	Karlar	3	2.169.062	4.135.136	6.507.186	12.405.408	100,00%	100,00%
	Samtals	3	2.169.062	4.135.136	6.507.186	12.405.408	100,00%	100,00%
Sjávarútvegsráðuneyti	Karlar	23	1.742.431	3.378.747	40.075.904	77.711.176	96,34%	96,11%
	Konur	1	1.523.435	3.144.537	1.523.435	3.144.537	3,66%	3,89%
	Samtals	24	1.733.306	3.368.988	41.599.339	80.855.713	100,00%	100,00%

Launagreiðslur árið 1992

Ráðuneyti

Dóms-og kirkjumálaráðuneyti

Félagsmálaráðuneyti

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Fjármálaráðuneyti

Samgönguráðuneyti

Iðnaðarráðuneyti

	<i>Fjöldi</i>	<i>Meðaltal grunn- launa</i>	<i>Meðaltal heildar- launa</i>	<i>Grunn- laun</i>	<i>Heildar- laun</i>	<i>Hlutfall grunn- launa</i>	<i>Hlutfall heildar- launa</i>
Karlar	81	2.277.741	3.751.007	184.497.040	303.831.605	90,48%	91,09%
Konur	9	2.157.524	3.300.568	19.417.712	29.705.113	9,52%	8,91%
Samtals	90	2.265.719	3.705.964	203.914.752	333.536.718	100,00%	100,00%
Karlar	5	2.232.521	4.049.681	11.162.604	20.248.403	80,44%	82,21%
Konur	1	2.713.663	4.381.066	2.713.663	4.381.066	19,56%	17,79%
Samtals	6	2.312.711	4.104.912	13.876.267	24.629.469	100,00%	100,00%
Karlar	136	2.114.046	3.736.775	287.510.252	508.201.431	88,78%	87,72%
Konur	21	1.730.230	3.386.878	36.334.830	71.124.446	11,22%	12,28%
Samtals	157	2.062.708	3.689.974	323.845.082	579.325.877	100,00%	100,00%
Karlar	51	1.892.920	3.629.724	96.538.898	185.115.947	93,01%	91,41%
Konur	5	1.451.324	3.480.952	7.256.620	17.404.760	6,99%	8,59%
Samtals	56	1.853.491	3.616.441	103.795.518	202.520.707	100,00%	100,00%
Karlar	99	1.760.032	3.554.200	174.243.139	351.865.816	95,75%	95,64%
Konur	5	1.548.206	3.204.620	7.741.028	16.023.102	4,25%	4,36%
Samtals	104	1.749.848	3.537.393	181.984.167	367.888.918	100,00%	100,00%
Karlar	21	1.772.575	3.304.948	37.224.074	69.403.907	100,00%	100,00%
Samtals	21	1.772.575	3.304.948	37.224.074	69.403.907	100,00%	100,00%

Launagreiðslur árið 1992

<i>Ráðuneyti</i>		<i>Fjöldi</i>	<i>Meðaltal grunn- launa</i>	<i>Meðaltal heildar- launa</i>	<i>Grunn- laun</i>	<i>Heildar- laun</i>	<i>Hlutfall grunn- launa</i>	<i>Hlutfall heildar- launa</i>
Viðskiptaráðuneyti	Karlar	6	1.845.265	3.421.119	11.071.591	20.526.711	100,00%	100,00%
	Samtals	6	1.845.265	3.421.119	11.071.591	20.526.711	100,00%	100,00%
Hagstofa Íslands	Karlar	5	1.693.911	3.937.790	8.469.555	19.688.948	100,00%	100,00%
	Samtals	5	1.693.911	3.937.790	8.469.555	19.688.948	100,00%	100,00%
Umhverfisráðuneyti	Karlar	5	1.863.233	3.426.066	9.316.164	17.130.329	100,00%	100,00%
	Samtals	5	1.863.233	3.426.066	9.316.164	17.130.329	100,00%	100,00%
Menntamálaráðuneyti B-hluti	Karlar	10	1.603.773	3.603.073	16.037.726	36.030.726	91,17%	91,96%
	Konur	1	1.552.495	3.150.938	1.552.495	3.150.938	8,83%	8,04%
	Samtals	11	1.599.111	3.561.969	17.590.221	39.181.664	100,00%	100,00%
Utánríkisráðuneyti B-hluti	Karlar	23	1.842.390	3.620.852	42.374.967	83.279.596	100,00%	100,00%
	Samtals	23	1.842.390	3.620.852	42.374.967	83.279.596	100,00%	100,00%
Félagsmálaráðuneyti B-hluti	Karlar	3	1.790.693	3.957.668	5.372.079	11.873.004	100,00%	100,00%
	Samtals	3	1.790.693	3.957.668	5.372.079	11.873.004	100,00%	100,00%
Fjármálaráðuneyti B-hluti	Karlar	8	1.905.129	3.914.481	15.241.030	31.315.846	100,00%	100,00%
	Samtals	8	1.905.129	3.914.481	15.241.030	31.315.846	100,00%	100,00%

Launagreiðslur árið 1992

Ráðuneyti

Samgönguráðuneyti B-hluti

Karlar
Konur

Samtals

Iðnaðarráðuneyti B-hluti

Karlar

Samtals

<i>Þjöldi</i>	<i>Meðaltal grunn- launa</i>	<i>Meðaltal heildar- launa</i>	<i>Grunn- laun</i>	<i>Heildar- laun</i>	<i>Hlutfall grunn- launa</i>	<i>Hlutfall heildar- launa</i>
41	1.518.475	3.322.247	62.257.458	136.212.112	97,55%	97,58%
1	1.566.240	3.374.284	1.566.240	3.374.284	2,45%	2,42%
42	1.519.612	3.323.486	63.823.698	139.586.396	100,00%	100,00%
22	1.474.490	3.470.375	32.438.769	76.348.246	100,00%	100,00%
22	1.474.490	3.470.375	32.438.769	76.348.246	100,00%	100,00%

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir mál BHMR og aðildarféлага þess gegn fjármálaráðherra fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

BHMR og aðildarfélag þess hafa stefnt fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sjö sinnum fyrir héraðsdóm Reykjavíkur vegna mála einstakra félagsmanna. Af þessum málum hafa félagin unnið fimm og eitt gegn Akraneskaupstað (sem stefnt var með ráðherra). Unninn málskostnaður nemur 467.000 kr. Einu máli, sem BHMR vann (1), var ekki áfrýjað og annað mál (7) er enn fyrir Hæstarétti. BHMR hefur unnið hin málin fimm fyrir Hæstarétti, ýmist á aðalkröfu eða varakröfu, og nemur unninn málskostnaður fyrir Hæstarétti 1.130.000 kr. Málin eru þessi:

1. Kári Einarsson gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi var félagsmaður í Kjarafélagi tæknifræðinga/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Aðalkrafa um skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar en varakrafa um biðlaun að meðtaldri fastri yfirvinnu og orlofsfé af fastri yfirvinnu.

Héraðsdómur 13. maí 1985: Fallist á varakröfu stefnanda.

Málinu var ekki áfrýjað.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 90 þús. kr.

2. Björn Jónsson gegn fjármálaráðherra og Akraneskaupstað. Stefnandi var félagsmaður í Hinu íslenska kennarafélagi/BHMR og Prestafélagi Íslands/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Krafa um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar úr stundakennslu við grunnskóla, sbr. lög um grunnskóla.

Héraðsdómur 28. október 1986: Fjármálaráðherra sýknaður af kröfunni en Akraneskaupstaður bótaskyldur.

Málskostnaður: Akraneskaupstaður greiði stefnanda 25 þús. kr.

Hæstiréttur 7. nóvember 1988: Akraneskaupstaður sýknaður. Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða skaðabætur.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 90 þús. kr.

3. Gunnar Johnsen gegn fjármálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Stéttarfélagi verkfræðinga. Málið var rekið af BHMR samhliða málum 4 og 5.

Ágreiningsefni: Réttur til biðlauna með fastri yfirvinnu og uppgjörs á orlofi samkvæmt kjarasamningi vegna þess að starf var lagt niður.

Héraðsdómur 11. október 1989: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda biðlaun með fastri yfirvinnu og orlofsfé af yfirvinnu. Kröfu um fasta yfirvinnu í óútteknu orlofi hafnað.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 80 þús. kr.

Hæstiréttur 31. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda fasta yfirvinnu með orlofsfé á biðlaunatíma og óúttekið orlof með yfirvinnu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 100 þús. kr.

4. Snorri Páll Snorrason gegn fjármálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR. Málið var rekið af Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR.

Ágreiningsefni: Aðalkrafa um rétt til biðlauna í sex mánuði með fastri yfirvinnu og uppgjör á orlofi samkvæmt kjarasamningi vegna þess að starf var lagt niður. En varakrafa um bætur í tvo mánuði, þ.e. út ráðningartíma.

Héraðsdómur 28. september 1989: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda að mestu samkvæmt varakröfu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 62 þús. kr.

Hæstiréttur 31. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda fasta yfirvinnu með orlofsfé á biðlaunatíma og óúttekið orlof með yfirvinnu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 80 þús. kr.

5. Ómar Bjarki Smárason gegn fjármálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Aðalkrafa um rétt til biðlauna í sex mánuði með fastri yfirvinnu og uppgjör á orlofi samkvæmt kjarasamningi vegna þess að starf var lagt niður. En varakrafa um orlofsuppgjör samkvæmt kjarasamningi.

Héraðsdómur 28. september 1989: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda samkvæmt varakröfu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 40 þús. kr.

Hæstiréttur 31. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda yfirvinnukaup í óteknu orlofi.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 60 þús. kr.

6. Bjarnheiður Guðmundsdóttir gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Stefnandi var félagsmaður í Félagi íslenskra náttúrufræðinga/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Krafa um rétt til launa, þ.e. einn og hálfan launaflokk samkvæmt ákvæðum kjarasamnings frá 18. maí 1989 ásamt vöxtum. Málið snerist um það hvort bráðabirgðalög nr. 89/1990 og síðar lög nr. 4/1991, um launamál, stæðust stjórnarskrá Íslands. Þetta mál fjallaði í reynd um sama efni og félagsdómsmál nr. 4/1990, þ.e. efni 5. gr. samninga frá 1989.

Héraðsdómur 13. mars 1991: Fjármálaráðherra sýknaður.

Málskostnaður felldur niður.

Hæstiréttur 3. desember 1992: Fjármálaráðherra talinn hafa brotið jafnræðisákvæði Stjórnarskrár Íslands og dæmdur til að greiða stefnanda einn og hálfan launaflokk samkvæmt ákvæðum kjarasamnings tímabilið september–desember 1990 og janúar 1991 (uppsagnarfrest) með vöxtum en að frádregnum öðrum launahækkunum á tímabilinu.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 800 þús. kr.

7. Jóhannes Ágústsson gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Stefnandi var félagsmaður í Hinu íslenska kennarafélagi/BHMR. Málið var rekið af BHMR.

Ágreiningsefni: Réttur til bóta vegna afturköllunar menntamálaráðuneytis á setningarbréfi.

Héraðsdómur 11. mars 1992: Fjármálaráðherra dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði stefnanda 170 þús. kr.

Fjármálaráðherra hefur áfrýjað héraðsdómi.

Fylgiskjal III.**Yfirlit yfir félagsdómsmál BHMR og aðildarféлага þess
gegn fjármálaráðherra og öfugt.**

BHMR og aðildarfélag þess hafa stefnt fjármálaráðherra átta sinnum fyrir Félagsdóm en fjármálaráðherra hefur stefnt einu sinni. BHMR hefur unnið sjö málanna (þar af tvö ekki alveg að fullu) en tapað tveimur. BHMR hefur fengið sér dæmdar 640.000 kr. í málskostnað en ekki verið dæmt til að greiða fjármálaráðherra neinn málskostnað.

1. Mál nr. 7/1987: Hið íslenska kennarafélag (HÍK)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa HÍK að fjármálaráðherra greiði tímakaup í dagvinnu miðað við 5. launþrep í samræmi við kjarasamning HÍK (og annarra aðildarféлага BHMR).

Fordæmismál fyrir öll hlutaðeigandi aðildarfélag BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfu HÍK (BHMR).

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði HÍK 50 þús. kr.

2. Mál nr. 5/1988: Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Hinu íslenska kennarafélagi (HÍK).

Ágreiningsefni: Krafa fjármálaráðherra að boðað verkfall HÍK verði dæmt ólöglegt þar sem meiri hluti þeirra sem greiddu atkvæði um verkfall félagsins í allsherjaratkvæða-greiðslu hafi ekki samþykkt verkfallið, sbr. 15. gr. laga nr. 94/1986.

Niðurstaða: Fallist á kröfu fjármálaráðherra.

Málskostnaður felldur niður.

3. Mál nr. 1/1990: BHMR vegna Félags háskólakennara, Félags viðskipta- og hagfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Læknafélags Íslands, Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu, Dýralæknafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa stéttarfélaganna um að fjármálaráðherra felli af listum yfir forstöðumenn sem undanþegnir eru rétti til þátttöku í verkfalli þá einstaklinga sem ekki falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélag BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfur BHMR um túlkanir á því hverjir teljist forstöðumenn og listum breytt eftir því, þó þannig að kröfu vegna eins einstaklings var vísað frá þar sem hann var ekki í þeim félagum sem stefndu.

Málskostnaður felldur niður.

4. Mál nr. 4/1990: Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa FÍN að fjármálaráðherra greiði einn og hálfan launaflokk 1. júlí 1990 skv. 5. gr. kjarasamnings FÍN (og annarra aðildarféлага BHMR).

Fordæmismál fyrir öll hlutaðeigandi aðildarfélag BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfu FÍN/BHMR.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði FÍN 200 þús. kr.

5. Mál nr. 1/1991: Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara.

Ágreiningsefni: Krafa FÍN um að samningsréttur gagnvart fjármálaráðherra vegna þeirra félagsmanna sem kenna í stundakennslu við Háskóla Íslands verði viðurkenndur.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Ekki fallist á kröfu FÍN/BHMR.

Málskostnaður felldur niður.

6. Mál nr. 3/1992: BHMR vegna Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, Meinatæknafélags Íslands, Útgarðs — félags háskólamanna, Röntgen-tæknafélags Íslands og Hjúkrunarfélags Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa stéttarfélaganna um að fjármálaráðherra felli af listum yfir þá sem undanþegnir eru rétti til þátttöku í verkfalli vegna nauðsynlegustu heilbrigðis- og öryggisþjónustu þá einstaklinga sem ekki falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfur félaganna/BHMR og listum breytt eftir því en fjármálaráðherra féllst undir málssókn á nokkrar af kröfum félaganna.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði BHMR 120 þús. kr.

7. Mál nr. 4/1992: BHMR vegna Félags íslenskra náttúrufræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa stéttarfélaganna um að fjármálaráðherra felli af listum yfir forstöðumenn sem undanþegnir eru rétti til þátttöku í verkfalli þá einstaklinga sem ekki falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfur BHMR um tülkanir á því hverjir teljist forstöðumenn og listum breytt eftir því.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði BHMR 120 þús. kr.

8. Mál nr. 7/1992: Hið íslenska kennarafélag (HÍK)/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Ágreiningsefni: Krafa HÍK að fjármálaráðherra greiði kennurum við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem starfa við sumarskóla FB laun í samræmi við kjarasamning HÍK ásamt viðaukum og bókunum við hann.

Niðurstaða: Fallist á kröfu HÍK/BHMR.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði HÍK 125 þús. kr.

9. Mál nr. 9/1992: Félag íslenskra náttúrufræðinga/BHMR gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð.

Ágreiningsefni: Krafa FÍN/BHMR að fjármálaherra haldi fundi í samstarfsnefnd með félaginu í samræmi við 11. kafla kjarasamnings HÍK ásamt samningi um starfshætti samstarfsnefnda.

Fordæmismál fyrir öll aðildarfélög BHMR.

Niðurstaða: Fallist á kröfu HÍK/BHMR.

Málskostnaður: Fjármálaráðherra greiði HÍK 125 þús. kr.